

306. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 16. nóvember 2023, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar og Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), J. Trausti Jónsson og Helgi Haraldsson. Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkurbæjar boðaði forföll. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Óvissuástand almannavarna, leyfisskyldar ráðstafanir og bráðabirgðaheimild frá UST
4. Skýrsla um framtíðarskipan heilbrigðiseftirlits
5. Umhverfismál / umgengni á lóðum
6. Önnur mál (desemberfundur)

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Nefndin sendir Grindvíkingum hugheilar kveðjur og óskar þeim velfarnaðar í þeim þrengingum sem nú steðja að bænum og íbúum bæjarfélagsins.

1. Yfirlit yfir störf HES

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfnni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

2. Starfsleyfi og skráningar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Eos Table ehf., kt. 491023-0660, Norðurljósavegi 2, 251 Suðurnesjabær til að reka veitingahús.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- ÍDÁ ehf., kt. 510719-0770, Iðavöllum 13, 230 Reykjanesbæ til að reka innflutnings- og heildverslun með fæðubótarefni.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Erna María Jensdóttir, kt. 020882-2489, Faxabraut 49, Reykjanesbæ til að reka minna gistiheimili / íbúðagistingu.
- N50 ehf., kt. 411121-1190, Njarðvíkurbraut 50a, 260 Reykjanesbæ til að reka minna gistiheimili / íbúðagistingu. Umsókn hafnað.

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Björgunarsveitin Sigurvon., kt. 521078-0309, fyrir flugeldasýningu á suðurgarði við höfnina í Sandgerði þann 31. desember 2023, kl 19.00-21.30

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

Fyrirtæki í auglýsingaferli skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu.

- Síld og Fiskur ehf., kt. 590298-2399, til að starfrækja svínabú, Minni-Vatnsleysa, 191 Vogar.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að gefa út starfsleyfi til ofangreindra fyrirtækja berist ekki athugasemdir á auglýsingatíma og að uppfylltum starfsleyfisskilyrðum. Berist athugasemdir mun heilbrigðisnefnd fjalla um málið á næsta reglulega fundi nefndarinar.

3. Óvissuástand almannavarna, leyfisskyldar ráðstafanir og bráðabirgðaheimild frá UST

Farið var yfir vinnu embættisins í tengslum við bráðabirgðaheimildir Umhverfisstofnunar til jarðborana á Reykjanesi og við Árnarétt í Garði. Lög nr. 7/1998 voru tekin úr sambandi með sérstökum lögum vegna gerðar varnargarða í Svartsengi.

4. Skýrsla um framtíðarskipan heilbrigðiseftirlits

Umfjöllun frestað til næsta fundar.

6. Umhverfismál / umgengni á lóðum

Farið var yfir vinnu embættisins í málaflokknum.

7. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 16:45.